

er. Sjórétturinn telur því hér um tvímælalausa björgun skipsins Wigmore að ræða. Björgunarstarfsemi Ægis, er kemur til greina, er meta skal hæð björgunarlaunanna, hefst, er hann verður við beiðni skipstjórans á Wigmore á þriðjudagsmorguninn, og hún endar, er skipið var komið í tryggt lægi á Akureyrarhöfn og kafaraskoðun hafði farið fram, enda verður að telja það réttilega ráðstöfun, að fara með skipið til Akureyrar, þar sem kafaraskoðun var nauðsynleg, í stað Sauðárkráks eða Siglufjarðar, sem stefndur hefir talið, að verið hefði nægilegt. Fyrir Ægi var björgunin auðveld, þar sem veður var gott allan tímann. Samfara björguninni var engin veruleg hætta, hvorki fyrir Ægi eða menn hans, en hinsvegar varúð nnauðsynleg. Björgunin var framkvæmd með atorku og verkhyggni, er meðal annars lýsir sér í því, hversu það heppnaðist, að ná skipinu út, án þess að skemmdir yrðu á því við útdráttinn. Þá verður og að taka til greina við ákvörðun björgunarlaunanna tölfr. Ægis, er varð vegna sjóprófanna, er fyrst fóru fram 3. júlí. Það hefir eigi verið véfengt, að verðmæti hins bjargaða væri eigi minna en hinir dómkvöddu menn hafa metið það, eða 205.750,00. Að öllu þessu athuguðu, telur sjórétturinn björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 40.000,00, er greiðist ásamt 5% ársvöxtum frá 10. desember f. á. til greiðsludags. Svo greiði stefndur stefnanda málskostnað með kr. 1200,00

Miðvikudaginn 6. október 1937.

Nr. 50/1937. **Hafliði Baldvinsson**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Guðmundi Kristjánssyni (Enginn).

Eiðsfrestur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. apríl 1937: Ef stefndur, Hafliði Baldvinsson, eftir löglegan undirbúning, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, að hafa móttekið áður-

greind 784 kg. af ýsu 24. júlí 1935, á hann að vera sýkn að öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Kristjánssonar, í máli þessu.

Verði stefndum hinsvegar eiðfall, greiði hann stefnandanum kr. 117.60, með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu útgefinni 20. maí þ. á. Stefndur hefir hvorki mætt né látið mæta hér fyrir réttinum, og er honum þó löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna nr. 112/1935, og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi krefst þess hér fyrir dómi, að staðfestur verði dómur undirréttarins, þó með þeirri breytingu, að ákveðinn verði með dómi hæstaréttar nýr, hæfilegur eiðsfrestur. Svo krefst hann og, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi kveður eiðsfrest þann, þrjá sólarhringa, sem tiltekinn er í undirréttardóminum, hafa verið óhæfilega skamman, og hafi fresturinn verið liðinn áður en málflytjandi hans í héraði gat gert ráðstöfun til úttöku eiðsstefnu. Engu að síður hafi eiðsstefnan verði tekin út, en er eiðsmálið féll í rétt og eiðvinning skyldi fram fara, var mætt af hálfu stefnda og eiðvinningu mótmælt sökum þess, að eiðsfrestur hefði liðið ónotaður. Kveðst áfrýjandi þá hafa neyðzt til að áfrýja málinu í því skyni, að fá ákveðinn nýjan og hæfilegri eiðsfrest.

Með því að ekkert liggur fyrir í málinu, sem hnekkst geti framangreindum kröfum áfrýjanda, ber að taka þær til greina, og ákveðst frestur til eiðvinningar, sbr. 165. gr. laga nr. 85/1936, 14 dagar frá birtingu dóms þessa. Sökum þess, að áfrýjandi hafði ástæðu til áfrýjunar þessarar, þykir verða að dæma stefnda til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti með 100 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist, þó þannig, að frestur til eiðvinningar ákveðst 14 dagar frá birtingu dóms þessa.

Stefndur, Guðmundur Kristjánsson, greiði áfrýjanda, Hafliða Baldvinssyni, kr. 100 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefni 17. okt. s. l. af Guðmundi Kristjánssyni, kaupmanni Keflavík, gegn Hafliða Baldvinssyni, fiskkaupmanni hér í bæ, til greiðslu eftirstöðva af verzlunarskuld skv. reikningi, að upphæð kr. 237.00, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1936 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Síðar í rekstri málsins hefir stefnandi krafizt þess, að úrslit málsins verði að nokkru látin velta á eiði stefnds, þannig, að ef hann synjar fyrir það með eiði, að hafa veitt móttöku hinum umþrættu 1200 kg. af ýsu úr ishúsinu „Herðubreið“, skuli hann vera sýkn af þeim hluta kröfu stefnanda (kr. 120.00), en að öðru leyti heldur stefnandi fast við gerðar réttarkröfur.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði greiddar kr. 70.50 í málskostnað.

Skuld þá, sem hér er stefnt til greiðslu á, segir stefnandi vera í tveim liðum:

1. 784 kg. af ýsu, send 24. júlí 1935 kr. 117.60
2. 600 kg. af ýsu frá stefnanda, tekin af stefndum úr íshúsinu „Herðubreið“ kr. 120.00

Um 1. Stefndur kveðst ekki hafa keypt þessa ýsu af stefnanda, heldur af Þorgeiri Pálssyni, sem lýsir því yfir í framlögðu vottorði, að hann hafi fært stefndum til skuldar 784 kg. af ýsu, innlagða til hans 31/3 1935, og hafi ýsan verið frá stefnanda, en hann hafi gefið Birni Ólafs í Mýrarhúsum reikning fyrir ýsuna, enda sýnir „nóta“ til Björns Ólafs, sem stefnandi hefir lagt fram, að þessi kg. fjöldi af ýsu hefir verið færður honum til skuldar 1. apríl 1935.

Stefndur heldur því þess vegna fram, að hann skuldi ekki stefnanda þessa upphæð og krefst sýknu af þessum lið kröfu hans.

Stefnandi viðurkennir að hafa sent þessa ýsu til stefnds og fært Birni Ólafs hana til skuldar, en hann segir, að það sé allt önnur ýsa en sú, sem hér er krafizt andvirðis fyrir. — Ýsan, sem Björn Ólafs hafi verið skuldaður fyrir, hafi verið send 31/3 1935, en ýsan, sem stefndur sé krafinn um greiðslu á, hafi verið send 24. júlí 1935, og hefir stefnandi lagt fram „nótu“ frá sér, dagsetta í júlí 1935, þar sem stefndum eru færð til skuldar 784 kg. af ýsu á kr. 117.60, og neðst á nótunni stendur „H. B.“, sem stefnandi hefir ómótmælt haldið fram, að væri skrifað af stefndum við móttöku ýsunnar, enda séu stafirnir fangamark hans.

Með tilliti til þessa, og þar sem ekki hefir fengizt á annan hátt sönnun fyrir umræddum kröfulið, þykir verða að láta úrslit málsins, hvað þetta snertir, velta á eiði stefnds, þannig, að ef hann eftir löglegan undirbúning synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, að hafa móttekið umrædd 784 kg. af ýsu frá stefnanda 24. júlí 1935, skal hann vera sýkn af þessum kröfulið stefnanda. — Verði stefndum hinsvegar eiðfall, verður honum gert að greiða stefnanda þennan lið kröfu hans að fullu.

Um 2. Stefndur viðurkennir að hafa fengið 600 kg. af ýsu frá stefnanda úr íshúsinu „Herðubreið“ á þeim tíma,

sem hér um ræðir, en hinsvegar ekki 1200 kg., eins og stefnandi heldur fram. — Nú hefir stefndur greitt andvirði þeirra 600 kg., er hann telur sig hafa fengið, en neitar algerlega að greiða fyrir þau 600 kg., er á milli ber, eins og stefnandi krefst. — Hvor aðilja um sig hefir fært inn í verzlunarbækur sínar þann kg.-fjölda, sem þeir telja, að um hafi verið að ræða.

Til þess að reyna að sanna mál sitt frekar hefir stefnandi leitt sem vitni ishúsvörðinn í ishúsinu „Herðubreið“, Stefán Sigurðsson. — Hefir hann borið það fyrir réttinum, að á árinu 1935 hafi stefnandi orðað það við sig, að taka til geymslu 1000—1200 kg. af ýsu, sem hann hafi lofað að gera fyrir 5 aura á kg. — Nokkru síðar hafi svo komið bill frá stefnanda með ýsuna, og hafi þau boð fylgt með, að það væru 1200 kg. á bilnum, en ýsan hafi ekki verið vegin, er hún kom í ishúsið eða fór þaðan, og var því stefnandi krafinn um geymslukostnað skv. uppgjöf hans sjálfs. Vitnið kveðst hafa verið viðstatt, er billinn kom með ýsuna frá stefnanda, og sýnt vera hátt á bilnum, og ætlar, að það hafi verið meira en 600 kg. Segir vitnið, að ýsan hafi síðar verið afhent stefndum í tveim slöttum.

Í lögum nr. 53 1911 pgr. 10, in fine, segir svo:

„Nú eru báðir málsaðiljar kaupmenn og stendur sín innfærslan um sama efnið í bók hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi“.

Með tilliti til þessa ákvæðis verður að líta svo á, að ekki sé unnt að láta úrlausn þessa atriðis, sem hér er deilt um, velta á eiði stefnds, eins og hann hefir gert að kröfu sinni í máli þessu. — Og þar sem vitnisburður Stefáns Sigurðssonar um kg.-fjölda ýsu þeirrar, sem um er að ræða, byggist á ágizkun hans og er heldur ekki í samræmi við fullyrðingar stefnanda í þessu efni, þá verður rétturinn að líta svo á, að stefnandi hafi ekki, gegn eindregnum mótmælum stefnds, sannað, að stefndur hafi fengið þau 600 kg. af ýsu, sem hann krefst nú andvirðis fyrir, og verður því að sýkna stefndan af þessum hluta stefnukröfunnar.

Skv. framansögðu verða því úrslí málsins þau, að ef stefndur vinnur eið, eins og áður segir, skal hann vera

sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. — Verði honum hinsvegar eiðfall, skal hann greiða stefnanda kr. 117.60, með vöxtum eins og krafizt hefir verið, enda hefir vaxtakröfunni ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, hvort sem stefndur vinnur áðurnefndan eið eða ekki.

Föstudaginn 8. október 1937.

Nr. 99/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Benjamin Howard Oswald Nicholson

(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 15. júlí 1937:
Kærði, B. H. O. Nicholson, sæti 22000 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 7½ mánaðar einfalt fengelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum Napier A. 244 frá Aberdeen, sé upptækt, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Kærði greiði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að dómur í máli þessu var kveðinn upp í héraði, hafa bæði fyrrverandi forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík og núverandi forstöðumaður sama skóla, hvor í sínu lagi og hvor öðrum óháður, afmarkað á sjóupprætti stað varðsipsins kl. 07,43, 07,51, 07,58 og 08,07, samkvæmt hornmælingum þeim, sem gerðar voru þá á varð-